**Ed.** **897. Breytingartillögur** [10. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 27. júní 1921, um erfðafjárskatt.

Frá Auði Auðuns.

1. Við 1. gr.
   a. Aftan við A-lið bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
      Ekki skal þó gjalda skatt af fyrstu 1000 þús. af erfðahluta þess hjóna, sem lifir hitt.
   b. D-liður orðist svo:
      Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, er starfa skv. staðfestri skipulagsskrá, félaga og stofnana, er vinna að menningar- og líknarmálum, skal greiða 10 af hundraði.
2. Við 3. gr. Á eftir fyrri málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Eftir orðunum „Undanþegið skatti er þó“ í 2. málsgr. 3. gr. laganna komi: fyrstu 1000 þús. af erfðahluta þess hjóna, sem lifir hitt.